



## Fundargerð hreppsnefndar 08. maí 2013

**Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 8. maí 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 18. apríl sl.  
Fundargerð hreppsnefndar frá 18. apríl sl., lögð fram.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð stjórnar Arnarvatns ehf. frá 30. apríl sl.  
Lögð fram til kynningar fundargerð Arnarvatns ehf. frá 30. apríl sl.

3. mál. Sundabúð, legudeild.-Skipan stjórnar/framkvæmdaráðs 3 aðalmenn og 3 til vara.  
Á fundi hreppsnefndar 18. apríl sl., var samþykkt að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð eða stjórn hjúkrunarheimilisins, úr hópi sveitarstjórnarmanna.

Tillaga kom fram um eftirtalda sem aðalmenn:

Þórunni Egilsdóttur, Guðrúnu Önnu Guðnadóttur og Sigríði Konráðsdóttur og sem varamenn: Björn Hreinsson, Bárður Jónasson og Eyjólfur Sigurðsson

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögu.

Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.  
Sveitarstjóri boði fyrsta fund stjórnarinnar.

Undir þessum lið var einnig nefnt að kaupa þyrfti bíl fyrir heimahjúkrun. Sveitarstjóra heimilað að leita valkosta í því sambandi.

4. mál. Malbiksframkvæmdir 2013. Drög að verksamningi og tengdar jarðvinnuframkvæmdir. Á fundi hreppsnefndar 18. apríl sl., var samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við lögstjóðanda um gerð verksamnings um malbiksframkvæmdir á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs. Lögð fram drög að verksamningi, við KM malbikun um nýlagnir og yfirlagnir á malbiki. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Einnig gerði hann grein fyrir annarri jarðvinnu, sem nauðsynlegt er að vinna áður en kemur að lagningu malbiks. Í gangi eru framkvæmdir í miðbænum samkvæmt samningi þar um, sem ljúka þarf áður en farið verður að malbika. Jafnframt eru plön og staðir þar sem skipta þarf um jarðveg og gera frostfrítt fyrir malbik. Að lokum þarf að setja efsta yfirlag undir malbikið. Mikið er í húfi að vel takist til í þeim efnum.

Sveitarstjóri lagði síðan til að sér yrði falið að ganga frá endanlegum verksamningi og reyna að semja um það að endanlega yfirlagið undir malbikið yrði tekið inn í þann samning. Aðra jarðvinnu lagði hann til að reynt yrði að semja um við verktaka á grundvelli verða, sem liggja fyrir úr tilboðum frá fyrra ári og verðgrundvallar skv. kostnaðarmati.

Í framhaldi lýstu fundarmenn sjónarmiðum sínum varðandi þessi mál og töldu að mikið verk væri framundan svo að áætlanir um tímasetningar malbiks myndu standast.

Að umræðum loknum var tillaga sveitarstjóra samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.

5. mál. Leiga félagslegra íbúða Vopnafjarðarhrepps. Endurskoðun leiguverðs.

Við gerð fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs var samþykkt að endurskoða húsaleigu félagslegra íbúða.

Lögð voru fram gögn um meðalverð leiguhúsnæðis á mismunandi stöðum á landinu. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir félagslegar íbúðir í eigu Vopnafjarðarhrepps, þar sem greint er frá mismunandi mati á eignunum og hver húsaleigan er í dag og hvernig hún yrði miðað við mismunandi forsendur. Talsvert miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Allir fundarmenn tóku undir nauðsyn þess að færa leiguverðið upp til samræmis við leiguverð annarsstaðar á landinu. Ljóst er að leiguverð þessara íbúða er lágt miðað við framlögð meðalverð. Að skoðuðu máli töldu fundarmenn að nauðsynlegt væri að hækka húsaleiguna í átt að þeim meðalverðum um húsaleigu, sem kynnt hafa verið. Fram kom hugmynd, sem flestir voru sammála um, þess eðlis, að húsaleigan yrði hækkuð upp miðað við 75 % af meðalverði húsaleigu á Austurlandi í heild eins og fyrirbyggjandi gögn sýna.

Fundarmenn voru þó allir inn á því að rita þyrfti leigutökum bréf, þar sem málið yrði vendilega kynnt og að breytingin yrði gerð með góðum fyrirvara og í tveimur þrepum, þó þannig að henni yrði að fullu lokið um næstkomandi áramót.

Endanlegri afgreiðslu málsins var síðan frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

6. mál. Áhaldahús Vopnafjarðarhrepps, umræður

Ákveðið var að taka málefni áhaldahúss til umræðu og velta upp hugmyndum um það hvernig heppilegast sé að veita þá þjónustu sem unnin er af áhaldahúsinu. Í því sambandi koma upp spurningar um það hversu stórt eða lítið áhaldahúsið á að vera. Á að bjóða þessi verk í meira mæli út eða kaupa þjónustuna almennt frá einkaaðilum.

Hvernig verður þessum málum best komið fyrir þannig að þjónustan verði sem best miðað við þá fjármuni, sem til ráðstöfunar eru á hverjum tíma.

Miklar umræður urðu um málefnið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Almennt lýstu fundarmenn yfir ánægju með það að umræður af þessum toga ættu sér stað. Í máli manna kom fram að mikilvægt væri að huga að því að sú þjónusta sem áhaldahúsið á að inna af hendi verði sem best. Ennfremur töldu fundarmenn mikilvægt að skoða hversu mikinn mannskap þyrfti í áhaldahúsi, samstarf milli deilda, hvort heppilegt væri að bjóða tiltekna þætti starfseminnar út og almennt hvert umfang áhaldahússins ætti að vera.

Fram kom hjá fundarmönnum að mikilvægt væri fyrir samfélagið að hafa áhaldahús á vegum sveitarfélagsins til þess að sinna margvíslegri grunnþjónustu.

Hugmynd kom upp um að skipa vinnuhóp sem vinni að skoðun á starfsemi áhaldahússins.

Hugmynd þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Ásbræður ehf. uppkaup á bryggju, lóðarréttindum síldarskemmu og frágangur lóðarmála.

Lögð fram gögn sem sýna mörk þeirra lóða sem til umfjöllunar eru og hvernig hugmyndin er að lóðir verði umhverfis hús Ásbræðra á svæðinu.

Í gangi hafa verið viðræður við Ásbræður um uppkaup á Ásbryggju, söltunarhúsi og frágangi lóða í því sambandi.

Í þeim viðræðum hefur verið rætt um uppkaup á Ásbryggju, Söltunarhúsi og að losa um lóðarmál, sem lengi hefur verið rætt um að fá á hreint.

Ásbræður eru tilbúnir að ganga frá málinu gegn 20 m.kr. greiðslu og að þeir fái tiltekna lóðir umhverfis hús sín .

Deilur um aðrar lóðir og lóðarsamninga falla niður og lóðarréttindi verða þá alfarið á hendi sveitarfélagsins að öðru leyti en að ofan er getið um.

Gerð var grein fyrir málinu og viðræðum, sem átt hafa sér stað. Í framhaldi áttu sér stað umræður um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Almennt töldu fundarmenn mikilvægt að ná samkomulagi um þessi mál og að reynt yrði til þrautar að ljúka samkomulagi um málefnið.

Hreppsnefnd samþykkti að svo búnu að fela oddvita og sveitarstjóra að gera Ásbræðrum gagntilboð að fjárhæð 15 m.kr. og ljúka þessum málum á þeim grunni. Málsmæðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Framhaldsskóladeild. Framvinda.

Gerð var grein fyrir stöðu málsins og mikilvægi þess að ákveðin svör fáist frá stjórnvöldum um það hvenær fjárveitingar komi til verkefnisins. Mikilvægt er að slík svör fáist hið fyrsta svo í tíma verði unnt að undirbúa og kynna starfsemina fyrir nemendum og forráðamönnum þeirra.

Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra að rita ráðuneyti menntamála erindi, þar sem ítrekaðar yrðu óskir Vopnafirðinga um að stofnsett verði framhaldsskóladeild á Vopnafirði og kalla eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins í því sambandi.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 7. og 12. apríl sl., varðandi rekstrarstyrk til áætlunarflugs til Vopnafjarðar.

Lögð fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 7. og 12. apríl sl., varðandi áætlunarflug til Vopnafjarðar. Í fyrra bréfinu er tilkynnt að hafin er vinna við að skoða verkefnið “ Framtíð áætlunarflugs innanlands; félagsfræðileg greining”

Í síðara bréfinu er tilkynnt um að tekin hefur verið ákvörðun um að framlengja samning um styrki til áætlunarflugs á Vopnafjörð og Þórshöfn til loka árs 2014.

Hreppsnefnd fagnar innihaldi þessara bréfa, þar sem tekið er undir mikilvægi þess að innanlandsflug til þessara staða falli ekki niður.

Sveitarstjóra falið að rita Innanríkisráðuneytinu bréf í þessu sambandi og óska jafnframt eftir aðkomu heimamanna að þeim rannsóknum sem unnið er að varðandi framtíð innanlandsflugs til samræmis við samþykkt þar um í samgönguáætlun 2011-2022.

Málsmæðferð þessi var samþykkt samhljóð með 7 atkvæðum.

10. mál Vaxtasamningur Austurlands, umsókn um styrk.

Lögð fram til kynningar umsókn um styrk úr Vaxtasamningi Austurlands, vegna verkefnisins “Þjónustumiðstöð Norðurslóða”.

Lagt fram til kynningar.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Ársfundur Menningarráðs Austurlands 14. maí nk.

Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps mun mæta á fundinn.

b) Stjórnarfundur Brunavarna á Austurlandi frá 24. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20